

# Reglur um leikskólabörn í skólabílum

Reglur þessar eru settar til að skýra rétt foreldra til að nota skólabíla fyrir leikskólabörn og til að tryggja sem best öryggi barnanna.

1. Þeir sem þurfa að aka meira en 15 km. frá heimili að leikskóla geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum.
2. Sé laust pláss í skólabíl er heimilt að nýta það án endurgjalds fyrir börn á leikskólaaldri að undangengnu samþykki verktaka í skólaakstri. Foreldrar, sem þessarar þjónustu njóta, fá ekki greiddan sérstakan akstursstyrk með sínum börnum í og úr leikskóla.
3. Leikskólabörn skulu hafa náð þriggja ára aldri til að geta nýtt akstur með skólabíl. Elsti árgangur leikskólabarna hefur ávallt forgang ef framboð sæta í skólabílum er takmarkað. Að öðru leyti gildir aldursröð barnanna, þau eldri hafa forgang fram yfir þau yngri.
4. Leikskólabörn skulu sitja í viðurkenndum bílstólum á ferðum sínum í skólabíl. Bílstólarnir eru á ábyrgð foreldra sem bera af þeim allan kostnað.
5. Bílstjórar skólabíla fylgja leikskólabörnunum í forstofu leikskólanna þar sem starfsmenn taka við þeim að morgni. Þegar börnin eru sótt síðdegis fylgir skólabílstjóri þeim frá forstofu leikskóla í skólabíl.
6. Foreldrar skulu sjálfir koma með barnið sitt (börnin sín) í leikskólann í upphafi hverrar viku og ná í það í vikulok og taka þá allt sem barnið á að hafa með sér heim þann dag.

*Samþykkt í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd Hornafjarðar 21. september 2011*

*Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 3. október 2011.*

*Breytingar samþykktar í bæjarstjórn 30. október 2014.*